



Hörgársveit

Fréttabréf

24. febrúar 2014 5. árgangur 2. tölublað

Aðalfundur Umf. SMÁRANS

verður haldinn þriðjudaginn 4. mars kl. 20:00 í Leikhúsinu
Möðruvöllum

Venjuleg aðalfundarstörf

Allir áhugasamir um starf félagsins hvattir til að mæta
Stjórnin

Kelikompan

Opið hús 11. mars kl. 20:00 – samvera, handverk, spil, spjall...

Um miðjan mars verður boðið upp á **saumanámskeið** þar sem farið verður í sniðagerð og fatasam. Tímafjöldi eru 4 skipti, 2 tímar í senn. Takmarkaður fjöldi þátttakenda. Leiðbeinandi er Jónína Sverrisdóttir, kjólaklæðskeri. Hún tekur á mótí skráningum á netfangið joninasv@thelamork.is. Nánari upplýsingar, t.d. varðandi tímasetningu og námskeiðsgjald, verða veittar síðar.

Minnt er á:

Opin smíðastofa þriðjudaginn 25. febrúar kl. 20 þar sem þátttakendur fá m.a. kynningu á aðstöðunni og tækifæri til að nýta sér það sem hún hefur upp á að bjóða. Leiðbeinandi er Unnar Eiríksson.

Jóga hjá Sigrúnu miðvikudaginn 26. febrúar kl. 16:15. Muna eftir kodda, þunnri dýnu og teppi.

Hörgársveit

Sími: 461 5474 **Fax:** 461-5475

Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is

Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

Veffang: www.horgarsveit.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 43 19. febrúar 2014

Mætt voru: Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Þór Helgason, Helgi Bjarni Steinsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir

1. Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 6. febrúar 2014

Fundargerðin er í einum lið, um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Gerð er tillaga til sveitarstjórnar um að settar verði reglur um NPA fyrir sveitarfélagið, sem taki mið af reglum Akureyrarbæjar um slíka þjónustu.

Sveitarstjórn samþykkti, að tillögu félagsmála- og jafnréttisnefndar, að settar verði reglur um notendastýrða persónulega aðstoð, sem taki mið af reglum Akureyrarbæjar um slíka þjónustu.

2. Fundargerð atvinnumálanefndar 13. febrúar 2014

Fundargerðin er í einum lið, um vinnslu lýsis til manneldis sem fyrirhugað er að setja upp á Hjalteyri.

Sveitarstjórn fagnar þeim áformum um atvinnurekstur á Hjalteyri sem koma fram í fundargerðinni.

3. Fundargerð fræðslunefndar 17. febrúar 2014

Fundargerðin er í þremur liðum, um yfirlit yfir helstu valkosti í skipulagi skólamála, um fyrirhugaðar framkvæmdir í Þelamerkurskóla, og um verðskrá fyrir afnot af húsnæði Þelamerkurskóla.

Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.

4. Skipulag skólamála, yfirlit yfir helstu valkosti

Lagt fram yfirlit yfir helstu valkosti í skipulagi skólamála, sem m.a. miði að því að lækka kostnað við rekstur leikskóla og grunnskóla sveitarfélagsins. Yfirlitið er samið af vinnuhópi sveitarstjórnar, sbr. samþykkt hennar 16. október 2013.

Sveitarstjórn samþykkti að haldinn verði íbúafundur 12. mars 2014 um helstu valkosti í skipulagi skólamála í sveitarfélaginu.

5. Þelamerkurskóli, stækkun anddyris o.fl., útboð

Gerð grein fyrir þeim undirbúningi sem fram hefur farið við útboð á fyrirhuguðum framkvæmdum við stækkun anddyris, uppsetningu lyftu og endurbætur á A-álmu Þelamerkurskóla. Fram kom að gert er ráð fyrir að verklok verði 20. ágúst 2014.

Sveitarstjórn samþykkti að framkvæmdir við stækkun anddyris, uppsetningu lyftu og endurbætur á A-álmu Þelamerkurskóla verði boðnar út með tilboðsfresti til 13. mars 2014.

6. Hólahólar og Hóladalur, friðlýsing

Tekin fyrir að nýju drög að auglýsingu um friðlýsingu Hólahóla og Hóladal og jafnframt tillaga skipulags- og umhverfisnefndar frá 9. janúar 2014 um breytingar á þeim. Fram kom að viðræður hafi átt sér stað milli sveitarfélagsins, Umhverfisstofnunar og landeiganda Hóla um drögin, sbr. samþykkt sveitarstjórnar 15. janúar 2014. Lögð var fram tillaga að breytingu á 2. mgr. 6. gr. fyrirbyggjandi auglýsingardraga.

Sveitarstjórn samþykkti ekki tillögu skipulags- og umhverfisnefndar frá 9. janúar 2014 um afgreiðslu auglýsingardraganna. Sveitarstjórnin samþykkti að birt verði fyrirbyggjandi drög að auglýsingu um friðlýsingu Hólahóla og Hóladal með eftirtöldum breytingum: 1) 2. mgr. 6. gr. hljóði svo: „Á svæði sem afmarkast af

veghegjunarsvæði Hringvegur að austan og Öxnadalur að vestan skal heimilt að reisa þau þjónustumannvirki er ákveðin verða skv. verndar- og stjórnunaráætlun, sbr. 11. gr. Innan sama svæðis, sem og þar sem landi hefur þegar verið raskað í friðlandinu, skulu einnig heimilar framkvæmdir við lagningu ljósleiðara, hitaveitu og önnur veitukerfi í almannabágu.“ 2) Í 2. mgr. 8. gr. falli burt að umferð snjósleða sé háð leyfi landeiganda.

7. Fjárhagsáætlun 2014, viðauki 01/2014

Lögð fram tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2014, sem hefur auðkennið 01/2014.

Sveitarstjórn samþykkti viðauka við fjárhagsáætlun 2014, nr. 01/2014, sem gerir ráð fyrir að rekstrariðurstæða ársins verði jákvæð sem nemur 26.402 þús.

8. Ós, sala á landspildum

Þann 13. febrúar 2014 voru opnuð tilboð í þrjár landspildur úr jörðinni Ós, sbr. samþykkt sveitarstjórnar 12. desember 2013. Í spildu A barst eitt tilboð, í spildu B barst ekki tilboð og í spildu C barst eitt tilboð.

Sveitarstjórn samþykkti að samið verði við Hörð Blöndal um kaup á landspildu A og að samið verði við Stefán Magnússon um kaup á landspildu C úr jörðinni Ós á grundvelli tilboða þeirra.

9. Kræklingahlíð, lagning ljósleiðara

Lagt fram bréf, dags. 20. janúar 2014, frá Jónasi Þór Jónassyni, þar sem óskað er eftir að lagning ljósleiðara í Kræklingahlíð verði tekin formlega fyrir af sveitarstjórn og að hún verði í forsvari fyrir lagningu hans.

Sveitarstjórn samþykkti að fresta afgreiðslu erindisins og jafnframt að aflað verði upplýsinga um þá möguleika sem kunna að vera á úrbótum í fjarskiptamálum í sveitarfélaginu.

10. Syðri-Bakki, landskipti

Lagt fram bréf, dags. 14. janúar 2014, frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, þar sem óskað er eftir umsögn um landskipti á jörðinni Syðri-Bakka. Um er að ræða stofnun lóðar, sem er 5,7 ha að stærð.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti þau landskipti á Syðri-Bakka sem lýst er í framlögðum gögnum.

11. Skógarhlíð 15, umsókn um leyfi til búfjárhalds í þéttbýli

Lögð fram umsókn, dags. 11. febrúar 2014, frá Garðari Steinssyni um leyfi til að halda allt að 20 kvenkyns alifugla í skúr að Skógarhlíð 15, Lónsbakka, sbr. samþykkt um búfjárhald.

Sveitarstjórn samþykkti að veitt verði leyfi fyrir allt að 20 kvenkyns alifuglum að Skógarhlíð 15, Lónsbakka.

12. Styrktarsjóður EBÍ, reglur

Lagt fram til kynningar bréf, dags. 4. febrúar 2014, frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands (EBÍ), þar sem gerð er grein fyrir nýsettum reglum um Styrktarsjóð EBÍ og frest til að sækja til sjóðsins.

13. Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda, styrkbeiðni

Lagt fram bréf, dags. 20. janúar 2014, frá NKG-verkefnalausnum, þar sem óskað er eftir fjárstyrk til verkefnisins „Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda grein“.

Sveitarstjórn samþykkti að hafna erindinu.

14. Landssamtök landeigenda, aðalfundarboð

Lagt fram til kynningar aðalfundarboð Landssamtaka landeigenda (LLÍ). Aðalfundurinn verður haldinn 20. febrúar 2014.

15. Sauðfjárræktarfélag Skriðuhrepps, styrkbeiðni

Lagt fram bréf, dags. 18. febrúar 2014, frá Sauðfjárræktarfélagi Skriðuhrepps, þar sem óskað er eftir styrk til að halda samkomu um sauðfjárrækt í tilefni af 50 ára afmæli félagsins.

Sveitarstjórn samþykkti að Sauðfjárræktarfélagi Skriðuhrepps verði veittur styrkur að fjárhæð kr. 15.000 í tilefni af 50 ára afmælis félagsins.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 19. mars

í þelamerkurskóla

Dagskrá fundarins mun birtast á www.horgarsveit.is síðdegis 17. mars

Íbúafundur um skipulag skólamála

verður haldinn miðvikudaginn 12. mars kl. 20:00 í Hlíðarþæ

Nánar auglýst síðar

ÚTBOÐ

þelamerkurskóli

Stækkun anddyris o.fl.

Hörgársveit óskar eftir tilboðum í viðbyggingu og endurbætur á húsnæði þelamerkurskóla. Um er að ræða viðbyggingu við anddyri skólans, múrbrot og steypusögun vegna uppsetningu lyftu, endurnýjun tveggja kennslustofa í A-álmu og uppsteypu á nýjum tröppum og rampi að nýjum inngangi. Innifalið er endurnýjun lagnakerfa á þeim svæðum sem verða endurnýjuð.

Útboðsgögn verða afhent á Eflu verkfræðistofu, Hofsbót 4, Akureyri, frá og með fimmtudeginum 27. febrúar 2014 og skal óska eftir þeim í netfanginu: arni.gunnar.kristjansson@efla.is.

Vettvangsskoðun verður fimmtudaginn 6. mars 2014 kl. 14:00.

Tilboðum skal skila í lokuðum umslögum merktum „**TILBOÐ, Stækkun anddyris o.fl. í þelamerkurskóla**“ til Eflu verkfræðistofu Hofsbót 4, Akureyri, fyrir kl. 14:00 fimmtudaginn 13. mars 2014. Tilboð verða opnuð þar kl. 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Gert er ráð fyrir að verkið geti hafist 25. mars 2014 og miðað er við að verkinu verði að fullu lokið 20. ágúst 2014.